

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 734/1983 svo og 13. og 14. gr. reglugerðar um skráningu sérlyfja á Sérlyfjaskrá nr. 451 31. desember 1976 og 6. gr. reglugerðar um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334 19. júlí 1979.

### **Bráðabirgðaákvæði.**

Skráningargjöld innlendra lyfjaframleiðenda skulu til 1. júlí 1985 vera helmingur þeirra upphæða, er greindar eru í 1. gr. þessarar reglugerðar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. október 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

Nr. 396

## **AUGLÝSING**

24. september 1984

### **um umferð í Grindavík.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Grindavíkur og skv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Grindavík:

Efstahraun nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Selsvöllum og Heiðarhrauni.

Baðsvellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart götum, sem að þeim liggja.

Gerðavellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart götum, sem að þeim liggja.

Aðalbrautarréttur þessi er samkv. 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).

Reglur þessar taka þegar gildi.

*Lögreglustjórinn í Grindavík, 24. september 1984.*

**Guðmundur Kristjánsson, ftr.**

Nr. 397

20. ágúst 1984

## **SAMÞYKKT**

### **um breyting á samþykkt um hundahald í Suðureyrarhreppi nr. 619 18. ágúst 1983.**

1. gr.

Við samþykktina bætist ný grein, er verði 4. gr. og aðrar greinar færast til er því nemur: Óleyfilegir hundar skulu teknir hvar sem til þeirra næst og þeir færðir í sérstaka hundageymslu á vegum Suðureyrarhrepps. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að 10 daga meðan eiganda gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan hreppsins. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan hreppsins innan 10 daga frá því að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, er heimilt að aflífa hundana þegar í stað.